

Nd.

21. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðist þannig:

3. gr. Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skil yrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annarsstaðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

4. gr. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Húsnæði til íbúðar mun nú í Reykjavík og jafnvel í fleiri kaupstöðum og kauptúnum í landinu vera af svo skornum skammti, að ekki má rýra það frekar en óhjákvæmilegt er. Stafar þessi húsnæðisskortur sumpart af því, að ekki hefur verið reist nálægt því eins mikið af nýjum íbúðarhúsum á þessu ári og venja er til, vegna hækkunar á verði byggingarefnis og erfiðleikum á útvegum þess, og sumpart af því, að eftirspurn eftir húsnæði hefir verið meiri en tíðkast hefir, þegar ekki hefir verið um neitt óvenjulegt ástand í landinu að ræða, og því ekki þurft húsnæði umfram eðlilega fólksfjölgun. Hefir félagsmálaráðherrann í þessu sambandi bent á það, að nokkur hætta sé á því, að meira eða minna af húsnæði því í kaupstöðum og kauptúnum, sem nú er notað til íbúðar, kynni að verða tekið til annarar notkunar, þannig að íbúðarhúsnæði rýrist við það. Jafnframt hefir hann bent á það, að ekki sé útilokað, að einhverjar íbúðir kunni að standa auðar, en slíkt er óviðunandi, ef húsnæðisekla reynist tilfinnan-

leg. Til þess að koma í veg fyrir rýrnun á íbúðarhúsnæði af framantöldum ástæðum, telur ráðherrann nauðsynlegt, að sett verði þegar bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og fellst ráðuneytið út af því á, að setja í þessu skyni bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðist þannig:

3. gr. Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annarsstaðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

4. gr. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.